

Lög

um breytingu á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, með síðari breytingum (skipan í stjórn, brottfall ákvæða).

1. gr.

Í stað 1. og 2. másl. 3. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Ráðherra skipar sjö stjórnarmenn og tvo varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu fjórir stjórnarmenn og einn varamaður skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða og þrír stjórnarmenn og einn varamaður skipaðir án tilnefningar. Einn þeirra stjórnarmanna sem skipaðir eru án tilnefningar skal vera formaður sjóðstjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

2. gr.

5. og 6. gr. laganna falla brott.

3. gr.

II. kafli laganna fellur brott ásamt fyrirsögn.

4. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast 1. gr. gildi 1. júlí 2020.

Samþykkt á Alþingi 26. apríl 2018.